



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Borg 07.04.2008

**Efni: Umsagnir um frumvörp til skipulags-, mannvirkja- og brunavarnarlaga.**


Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes-og Grafningshrepps þann 3. apríl sl.. voru teknar fyrir umsagnir um ofangreind frumvörp.

Eftirfarandi bókun var gerð:

**3. Umsögn um frumvörp til skipulagslaga, mannvirkjalaga og brunavarnarlaga.**

*Sveitarstjórn tekur undir þær athugasemdir sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gert um frumvörp til skipulagslaga og mannvirkjalaga. Jafnframt vill sveitarfélagið benda sérstaklega á að markmið frumvarpana virðist vera að draga úr sjálfákvörðunarvaldi sveitarfélagana og færa það til stofnana ríkisins. Varðandi frumvarp til laga um breytingu á brunavarnarlögum er lagt til að í 2. gr. falli út "björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum" Litið hefur verið á það sem verkefni björgunarsveita á landinu og með þessu væri verið að kippa stöðum undan sjálfbodastarfi björgunarsveitanna.*

Virðingarfyllst,  
f.h. sveitarstjórnar,

SVEITARSTJÓRI  
GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPS  
  
Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri